



Reykjavík, 19. ágúst 2014/VA

Varðar: Fegrunarviðurkenningar 2014 fyrir fegurstu lóðir fjölbýlishúsa og fyrirtækja

Viðurkenningar árið 2014 hljóta fjórar lóðir og tvær verslanir við sumargötur í miðborg Reykjavíkur. Óskað er eftir að erindið sé meðhöndlað sem trúnaðarmál.

Suðurlandsbraut 2, Hilton Reykjavík Nordica

Fær viðurkenningu fyrir vel útfærða endurgerð á framhlið hótellóðar sem hefur verið tekin alveg í gegn. Efnisval er smekklegt og lóðin fær meiri græna ásýnd með snyrtilega útfærðum grasmönnum við lóðarmörk.



Sæmundagata 14-20, Félagsstofnun stúdenta

Fær viðurkenningu fyrir nýlega framkvæmda stílhreina, aðlaðandi og vel hannaða lóð. Útirýmin á jarðhæð njóta sín vel og bjóða upp á skemmtilega möguleika sem dvalarsvæði fyrir íbúa.



Ljósheimar 8-12, fjölbýlishúsalóð

Fær viðurkenningu fyrir prýðilegt viðhald og fallegan frágang á gróskumikilli fjölbýlishúsalóð þar sem aðkoma að húsi er fallega og smekklega útfærð. Allt yfirbragð lóðar er einfalt, þægilegt og snyrtilegt.



Dunhagi 11-17, fjölbýlishúsalóð

Fær viðurkenningu fyrir snyrtilega og gróna fjölbýlishúsalóð. Garðurinn er fallegur, vel hirtur og gróskumikill. Leik- og dvalarsvæðið á lóð er snyrtilegt og barnvænt.



Sumargötur

Vísir, Laugavegur 1

Fær viðurkenningu fyrir einstaklega vel hirt borgarland fyrir framan verslun. Verslunin hefur tekið virkan þátt sumargötum með því að staðsetja útiborð, stóla og fin sumarblóm framan við hana. Aðkoma er snyrtileg og falleg.



Gullsmiðja og Listmunahús Ófeigs og lítil í upphafi ehf.

Skólavörðustígur 5

Fær viðurkenningu fyrir snyrtilega aðkomu og skemmtilega tilraun til að fegra umhverfið. Húsgögnin og krítar fyrir börnin eru sérstaklega sumarleg og skemmtileg.



f.h skipulagsfulltrúa
Valný Aðalsteinsdóttir